

Forsætisráðuneyti
Skrifstofa jafnréttismála
Lækjargötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. júlí 2019

Efni: Umsögn Samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa háskólanna um verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttislaga

Samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna, sem starfað hefur frá árinu 2015 og í eiga sæti jafnréttisfulltrúar allra háskólanna sjö á Íslandi (HA, HB, HH, HÍ, HR, LBHÍ og LHÍ), hefur tekið til umsagnar verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttislaga sem sett var í samráðsgátt stjórnvalda þann 28. júní sl. Því er fagnað að nú sé ráðist í heildarendurskoðun laganna, og jafnframt eru gerðar þrjár athugasemdir við áætlunina.

A. Fram kemur að háskólasamfélagið eigi fulltrúa í hópi 4, sem fjallar um réttindi og skyldur og bann við mismunun á grundvelli kyns. Gerð er athugasemd við að ekki sé skilgreint nánar með hvaða hætti fulltrúi háskólasamfélagsins skuli tilnefndur. Þetta virðist vera undantekning í áætluninni, þ.e. að ekki sé skýrt skilgreint hvaða aðili tilnefni fulltrúa í undirhópum. **Lagt er til að fulltrúi háskólasamfélagsins sé tilnefndur af hálfu samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa háskólanna.** Þar eiga sæti jafnréttisfulltrúar allra háskólanna sjö á Íslandi, en hópurinn hefur starfað frá árinu 2015.

B. Einnig er lagt til að samráðsvettvangur jafnréttisfulltrúa háskólanna eigi **sæti í hópi 3**, ekki síst með hliðsjón af því að sá hópur hefur til umfjöllunar 23. gr. laganna er lúta að menntun og skólastarfi.

C. Þá vekur það athygli að í verkefnisáætlun er ekki gert ráð fyrir beinni aðkomu fræðifólks. Við íslenska háskóla starfar fræðifólk sem rannsakar jafnréttismál frá mismunandi sjónarhornum. Við heildarendurskoðun jafnréttislaga er æskilegt að nýta alla þá þekkingu og reynslu á rannsóknum á sviði jafnréttismála sem finna má meðal fræðifólks á Íslandi.

Virðingarfyllt,
f.h. samráðsvettvangs jafnréttisfulltrúa háskólanna



Arnar Gíslason
Jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands